

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/1332****2024/EES/85/12****frá 17. maí 2024**

um breytingu á tilteknum viðaukum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar samþykki fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna tiltekinna skráðra sjúkdóma (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 31. gr. (annarri undirgrein 4. mgr.), 36. gr. (4. mgr.) og 42. gr. (4. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2016/429 er mælt fyrir um sjúkdómsbundnar reglur um sjúkdómama sem skráðir eru í samræmi við 1. mgr. 5. gr. hennar og hvernig eigi að beita þessum reglum gagnvart mismunandi flokkum skráðra sjúkdóma. Í þeirri reglugerð er kveðið á um að aðildarríkin komi á fót skyldubundnum útrýmingaráætlunum fyrir skráðu sjúkdómama, sem um getur í b-lið 1. mgr. 9. gr. hennar, og valkvæðum útrýmingaráætlunum fyrir skráða sjúkdóma, sem um getur í c-lið 1. mgr. 9. gr. hennar, og um samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir slíkum áætlunum. Í reglugerð (ESB) 2016/429 er einnig kveðið á um samþykki framkvæmdastjórnarinnar fyrir eða afturköllun á sjúkdómalausri stöðu aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðarinnar.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 ⁽²⁾ bætir við reglugerð (ESB) 2016/429 og er þar mælt fyrir um viðmiðanir fyrir því að veita aðildarríkjum eða svæðum eða hölfum þeirra sjúkdómalaus stöðu, viðhalda henni eða afturkalla hana ásamt kröfum varðandi samþykki fyrir skyldubundnum eða valkvæðum útrýmingaráætlunum fyrir aðildarríki eða svæði eða hólfa þeirra.
- 3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 ⁽³⁾ er mælt fyrir um framkvæmdarreglur varðandi skráða dýrasjúkdóma, sem um getur í a-, b- og c-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, að því er varðar sjúkdómalaus stöðu og bólusetningarlaus stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra, og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma. Nánar tiltekið eru aðildarríki eða svæði eða hólfa þeirra með samþykkt sjúkdómalaus stöðu tilgreind í viðaukunum við þá reglugerð og þar eru einnig tilgreindar fyrirbyggjandi samþykktar skyldubundnar eða valkvæðar útrýmingaráætlanir. Breytilegar faraldsfræðilegar aðstæður varðandi tiltekna sjúkdóma útheimta breytingar á tilteknum viðaukum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 til að samþykkja sjúkdómalaus stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða þeirra og afturkalla samþykki fyrir tiltekin svæði aðildarríkja þar sem uppkomur sjúkdóma hafa verið staðfestar eða þar sem skilyrðin fyrir að viðhalda sjúkdómalausri stöðu eru ekki lengur uppfyllt og samþykkja tilteknar skyldubundnar eða valkvæðar útrýmingaráætlanir sem hafa verið lagðar fyrir framkvæmdastjórnina.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/1332, 21.5.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2024 frá 25. október 2024 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (biður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/reg/2016/429/oj>.

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/689 frá 17. desember 2019 um viðbót við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um eftirlit, útrýmingaráætlanir og sjúkdómalaus stöðu með tilliti til tiltekinna skráðra og nýtilkominna sjúkdóma (Stjtið. ESB L 174, 3.6.2020, bls. 211, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_del/2020/689/oj).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 frá 15. apríl 2021 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma

- 4) Að því er varðar sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis*, smitandi slímhúðarpest í nautgripum, sýkingu af völdum blátunguveiru (sermigerð 1–24), veirublæði (VHS-veiki) og IHN-veiki hafa nokkur aðildarríki nýlega sótt um hjá framkvæmdastjórninni að fá samþykkt sjúkdómalausar stöðu eða breytingar á útrýmingaráætlunum sem hafa verið samþykktar fyrir tiltekin svæði á yfirráðasvæði þeirra. Aðildarríki hefur einnig tilkynnt um uppkomur sýkingar af völdum blátunguveiru sem verður einnig að endurspeglu í viðkomandi viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620.
- 5) Að því er varðar sýkingu af völdum *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripum lagði Ítalía upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt í sýslunni Agrigento í héraðinu Sicilia. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að umsóknin uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu. Af þessum sökum ætti að skrá þessa sýslu sem lausa við *Brucella abortus*, *B. melitensis* og *B. suis* í nautgripum í I. hluta 1. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620.
- 6) Að því er varðar smitandi slímhúðarpest í nautgripum lagði Þýskaland upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu vegna smitandi slímhúðarpestar í nautgripum, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt á svæðunum Göttingen, Northeim og Stade í Neðra-Saxlandi og svæðinu Kleve í Nordrhein-Westfalen. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessar umsóknir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um veitingu sjúkdómalausrar stöðu vegna smitandi slímhúðarpestar í nautgripum. Því ætti að skrá þessi svæði í I. hluta VII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem sjúkdómalaus m.t.t. smitandi slímhúðarpestar í nautgripum.
- 7) Að því er varðar sýkingu af völdum blátunguveiru hefur Spánn tilkynnt framkvæmdastjórninni um uppkomu sýkingar af völdum blátunguveiru af sermigerð 4 í sýslunni Alicante í sjálfstjórnarhéraðinu Valencia: Þar eð þessi sýsla er með sjúkdómalausar stöðu og er skráð í I. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 ætti að afturkalla samþykkið fyrir sjúkdómalausri stöðu hennar m.t.t. sýkingar af völdum blátunguveiru og breyta ætti færslunni fyrir Spán í þeirri skrá til samræmis við það.
- 8) Spánn hefur einnig upplýst framkvæmdastjórnina um að landið hafi vikkað út gildissvæði valkvæðrar útrýmingaráætlunar vegna sýkingar af völdum blátunguveiru sem er þegar samþykkt fyrir svæðið sem er skráð í II. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 með því að bæta við svæði sem nær yfir sýsluna Alicante í sjálfstjórnarhéraðinu Valencia. Því ætti að bæta svæðinu við í færsluna fyrir Spán í II. hluta VIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 og samþykkja tillagða breytingu á útrýmingaráætluninni vegna sýkingar af völdum blátunguveiru.
- 9) Að því er varðar veirublæði lögðu Danmörk og Eistland upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu gagnvart veirublæði, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt á öllu viðkomandi yfirráðasvæði þeirra. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessar umsóknir uppfylla viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um veitingu sjúkdómalausrar stöðu vegna veirublæði. Því ætti að skrá allt yfirráðasvæði þessara aðildarríkja í I. hluta XII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 sem sjúkdómalaust m.t.t. veirublæði
- 10) Að því er varðar IHN-veiki lögðu Eistland og Finnland upplýsingar fyrir framkvæmdastjórnina sem sýna fram á að skilyrðin fyrir samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu vegna IHN-veiki, sem mælt er fyrir um í framseldri reglugerð (ESB) 2020/689, eru uppfyllt á öllu yfirráðasvæði og, eftir því sem við á, í hólf. Að loknu mati framkvæmdastjórnarinnar kom í ljós að þessi umsókn uppfyllir viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í 4. kafla II. hluta framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689 um veitingu sjúkdómalausrar stöðu vegna IHN-veiki. Því ætti að skrá allt yfirráðasvæði Eistlands og eitt hólf í

- 11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., VII., VIII., XII. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. maí 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

Ákvæðum I., VII., VIII., XII. og XIII. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Ítalíu í 1. kafla I. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Ítalía	Regione Abruzzo: Provincia di Pescara, Teramo Regione Basilicata: Provincia di Matera Regione Calabria: Provincia di Vibo Valentia Regione Campania: Provincia di Avellino, Benevento, Napoli Regione Emilia-Romagna Regione Friuli Venezia Giulia Regione Lazio Regione Liguria Regione Lombardia Regione Marche Regione Molise: Provincia di Campobasso Regione Piemonte Regione Puglia: Provincia di Bari, Barletta-Andria-Trani, Brindisi, Lecce Regione Sicilia: Provincia di Agrigento Regione Sardegna Regione Toscana Regione Trentino – Alto Adige Regione Umbria Regione Valle d’Aosta Regione Veneto“

b) Í stað færslunnar fyrir Ítalíu í 1. kafla II. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Ítalía	Regione Abruzzo: Provincia dell’Aquila, di Chieti Regione Basilicata: Provincia di Potenza Regione Calabria: Provincia di Catanzaro, Cosenza, Crotona, Reggio Calabria Regione Campania: Provincia di Caserta, Salerno Regione Molise: Provincia di Isernia Regione Puglia: Provincia di Foggia, Taranto Regione Sicilia, nema Provincia di Agrigento“

2) Ákvæðum VII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Þýskaland í I. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Þýskaland	Bundesland Baden-Württemberg Bundesland Bayern Bundesland Brandenburg Bundesland Bremen Bundesland Hamburg Bundesland Hessen Bundesland Mecklenburg-Vorpommern

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
	Bundesland Niedersachsen, að undanskildu Landkreis Cuxhaven og Oldenburg Bundesland Nordrhein-Westfalen, að undanskildu Kreis Borken, Gütersloh, Höxter Paderborn Bundesland Schleswig-Holstein, að undanskildu Kreis Rendsburg-Eckernförde Bundesland Rheinland-Pfalz Bundesland Saarland Bundesland Sachsen Bundesland Sachsen-Anhalt Bundesland Thüringen“

b) Í stað færslunnar fyrir Þýskaland í II. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði	Dagsetning upphaflegs samþykkis eins og um getur í 2. mgr. 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689
„Þýskaland	Bundesland Berlin Bundesland Niedersachsen: Landkreis, Cuxhaven og Oldenburg Bundesland Nordrhein-Westfalen: Kreis Borken, Gütersloh, Höxter, Paderborn Bundesland Schleswig-Holstein: Kreis Rendsburg-Eckernförde	21. febrúar 2022“

3) Ákvæðum VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslunnar fyrir Spán í I. hluta kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Spánn	Comunidad Autónoma de Aragón Comunidad Autónoma de Canarias Comunidad Autónoma de Castilla-La Mancha: Sýslan Guadalajara Comunidad Autónoma de Castilla y León, nema eftirfarandi svæði: Sýslan Ávila Sýslan Salamanca Cantalejo, Carbonero El Mayor, Santa María la Real de Nieva, Segovia, Villacastín í sýslunni Segovia Alcañices, Bermillo de Sayago, Puebla de Sanabria í sýslunni Zamora Comunidad Autónoma de Cataluña Comunidad Autónoma de La Rioja Comunidad Autónoma de las Islas Baleares Comunidad Autónoma de Navarra Comunidad Autónoma del País Vasco Comunidad Autónoma de Valencia: Sýslan Castellón og sýslan Valencia“

b) Í stað II. hluta kemur eftirfarandi:

„II. HLUTI

Aðildarríki eða svæði þeirra með samþykktu útrýmingaráætlun vegna sýkingar af völdum blátunguveiru

Aðildarríki	Yfirráðasvæði	Dagsetning upphaflegs samþykkis eins og um getur í 2. mgr. 15. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) 2020/689
Spánn	Comunidad Autónoma de Andalucía Comunidad Autónoma de Castilla-La Mancha, nema sýslan Guadalajara Comunidad Autónoma de Asturias Comunidad Autónoma de Cantabria Comunidad Autónoma de Castilla y León: Sýslan Ávila Sýslan Salamanca Cantalejo, Carbonero El Mayor, Santa María la Real de Nieva, Segovia, Villacastín í sýslunni Segovia Alcañices, Bermillo de Sayago, Puebla de Sanabria í sýslunni Zamora Comunidad Autónoma de Extremadura Comunidad Autónoma de Galicia Comunidad Autónoma de Madrid Comunidad Autónoma de Murcia Comunidad Autónoma de Valencia: Sýslan Alicante	21. febrúar 2022 ⁴⁴

4) Ákvæðum XII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

i. Í stað færslunnar fyrir Danmörku kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Danmörk	Allt yfirráðasvæðið ⁴⁴

ii. Eftirfarandi færslu fyrir Eistland er bætt við milli færslunnar fyrir Danmörku og færslunnar fyrir Írland:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Eistland	Allt yfirráðasvæðið ⁴⁴

b) Í II. hluta fellur færslan um Eistland brott.

5) Ákvæðum XIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum I. hluta er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi færslu fyrir Eistland er bætt við á undan færslunni fyrir Írland:

Aðildarríki	Yfirráðasvæði
„Eistland	Allt yfirráðasvæðið ⁴⁴

ii. Í stað færslunnar fyrir Finnland kemur eftirfarandi:

Aðildarríki	Yfiráðasvæði
„Finnland	Allt yfiráðasvæði að undanskildu hólfi strandlengjunnar sem samanstendur af þeim hlutum sveitarfélaganna Eckerö og Hammarland sem eru innan hrings með 10 km radius, með miðpunkt í WGS84-hnitunum Lat 60.207175390°, Lon 19.507907780°“

b) Í II. hluta fellur færslan um Eistland brott.
